

Alþingi
Erindi nr. P 132/1228

komudagur 9.3.2006.

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Akureyri 8. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006 – 2009, 391. mál. Stjórnin bendir á eftirfarandi:

Stjórn Eyþings gafst kostur á að gefa umsögn um uppkast að byggðaáætlun 2006 – 2009. Stjórnin tók saman ítarlega umsögn sem send var iðnaðarráðuneytinu í bréfi dags. 2. nóvember 2005. Áður hafði stjórninni gefist kostur á að koma á framfæri ábendingum við vinnslu byggðaáætlunarinnar. Stjórnin kom þeim ábendingum á framfæri með bréfum dags. 11. apríl og 5. ágúst 2005.

Einungis minniháttar breytingar og leiðréttingar hafa verið gerðar á þingsályktunartillögunni frá uppkastinu. Eins og fram kemur í umsögn stjórnar Eyþings um uppkastið lýsir hún sérstakri ánægju með þau þrjú meginmarkmið og þau fjögur áhersluatriði sem sett eru fram í áætluninni.

Í ábendingum sínum og umsögn setti stjórn Eyþings fram ábendingar um aðgerðir og einnig veigamiklar ábendingar til að bæta framsetningu áætlunarinnar og til að bæta úr veikri stöðu hennar í stjórnkerfinu. Það veldur stjórn Eyþings verulegum vonbrigðum að hve litlu leyti þessi sjónarmið hennar hafa náð fram að ganga. Stjórn Eyþings vísar að öðru leyti til meðfylgjandi fylgiskjala sem getið hefur verið um hér að ofan.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Fylgiskjöl:

Umsögn um uppkast að byggðaáætlun 2006-2009, dags. 2.11.2005

Ábendingar varðandi gerð byggðaáætlunar 2006-2009, dags. 11.4.2005

Ábendingar varðandi gerð byggðaáætlunar 2006-2009, dags. 5.8.2005.

Umsögn um árangur af byggðaáætlun 2002-2005, dags. 5.5.2005

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; Kt. 561192-2199; Netfang: eything@eything.is

Akureyri 2. nóvember 2005

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvali
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um uppkast að byggðaáætlun 2006 – 2009.

Með bréfi dags. 6. október, var gefinn kostur á að gefa umsögn um uppkast að byggðaáætlun 2006 –2009. Stjórn Eyþings þakkar fyrir að eiga þess kostna að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi áætlunina.

Framsetning áætlunarinnar – meginmarkmið og áhersluatriði.

Stjórn Eyþings lýsir sérstakri ánægju með þau þrjú meginmarkmið og þau fjögur áhersluatriði sem sett eru fram í áætluninni. Stjórnin telur áætlunina að þessu leyti skýrari og hnitmiðaðri en núgildandi áætlun, enda meginmarkmiðin færri. Í heild er áætlunin sett upp með líku sniði. Það veldur þó nokkrum vonbrigðum að framsetning áætlunarinnar skuli ekki þróuð áfram og endurbætt frekar en raun ber vitni samanborið við síðustu áætlun. Er í því sambandi vísað til ábendinga Eyþings í bréfi dags. 11. apríl 2005.

Í bréfi Eyþings var m.a. bent á eftirtalin atriði:

- a) Mikilvægi þess að gera árangur mælanlegan, þ.e. að skilgreina mælikvarðar fyrir markmið og aðgerðir.
- b) Að áætlunin þurfi að taka til landsins alls. Skilgreina þurfi svæði s.s. höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Eðlilegt virðist að tekið sé mið af aðferðum og skilgreiningum Evrópusambandsins í þeim efnum.
- c) Að æskilegt sé vinna áætlunina í tveimur tímarömmum hliðstætt við samgönguáætlun.
- d) Að tryggt verði að stjórnkerfið (ráðuneytin) vinni í samræmi við áætlunina og að hún fái lagastöðu sbr. samgönguáætlun.

Í tengslum við c og d-lið er hér vakin athygli á ályktun aðalfundar Eyþings:

„Aðalfundur Eyþings, haldinn í Reykjadal 23. og 24. september 2005, leggur áherslu á að við gerð byggðaáætlunar 2006 – 2009 verði tryggt að áætlunin fái lagastöðu sbr. Samgönguáætlun og að stjórnkerfið vinni í samræmi við áætlunina. Fundurinn telur ráðlegt að í byggðaáætlun verði gerð annars vegar langtímaáætlun og hins vegar aðgerðaáætlun til skemmri tíma sem verði endurskoðuð t.d. á tveggja ára fresti. Að öðru leyti vísar fundurinn til ábendinga frá stjórn Eyþings til iðnaðarráðuneytis dags. 11. apríl og 5. ágúst 2005.“

Stjórn Eyþings lýsir ánægju með ákvæði um skipun sérstakrar verkefnisstjórnar sem falin verður umsjón með framvindu áætlunarinnar og telur stjórnin að með því sé komið til móts við það sjónarmið að tryggja þurfi að aðilar innan stjórnkerfisins gangi í takt við samþykktu byggðaaætlun. Stjórnin ítrekar hins vegar nauðsyn þess að áætlunin fái lagastöðu.

Leiðir (aðgerðir) að markmiðum áætlunarinnar.

Auk þess að setja fram ábendingar varðandi framkvæmd áætlunarinnar setti stjórn Eyþings fram ábendingar um nokkur áhersluatriði og aðgerðir í bréfi sínu 11. apríl og í öðru bréfi 5. ágúst. Aðalatriði þessara ábendinga koma fram í meginmarkmiðum áætlunarinnar og þeim fjórum áherslusviðum sem sett eru fram og lýsir stjórnin ánægju með það. Þá telur stjórnin að í meginatriðum komi ábendingar hennar fram meðal þeirra 23 aðgerða sem skilgreindar eru í áætluninni.

Stjórn Eyþings telur að æskilegt hefði verið að fækka nokkuð þeim aðgerðum sem upp eru taldar, en með því hefðu áherslur orðið skýrari og minni hætta á að kraftar dreifist í of miklum mæli. Leggja þarf áherslu á þær aðgerðir sem falla beint að meginmarkmiðum áætlunarinnar og þeim fjórum áherslusviðum sem skilgreind eru. Þannig hefur stjórnin í nokkrum tilvikum efasemdir um að aðgerðir (verkefni) sem upp eru talin eigi heima í byggðaaætlun þó þær séu að öðru leyti góðra gjalda verðar og sjálfsagt sé að vinna að þeim eftir öðrum leiðum. Ýmsar af þeim aðgerðum sem upp eru taldar falla ekki beint að áherslusviðum áætlunarinnar og bera keim af því að ruglað sé saman byggðamálum og almennum þjóðfélagsmálum. Mikilvægt er að undirstrika að ekki ber að líta á öll verkefni sem unnin eru utan höfuðborgarsvæðisins sem byggðaaðgerðir. Meðal annars til að koma í veg fyrir þá framsetningu er nauðsynlegt að byggðaaætlun taki til landsins alls og byggi á byggðakorti.

Stjórn Eyþings vill benda á tvö atriði sem að hennar mati koma ekki skýrt fram í áætluninni. Í fyrsta lagi að meðal þeirra atriða sem stjórn Eyþings benti á í bréfi sínu var að „unnið verði að flutningi/dreifingu opinberra verkefna og/eða stofnana til byggðakjarna á landsbyggðinni.“ Að mati stjórnarinnar ber að horfa sérstaklega til landshlutakjarnanna í þessu sambandi. Stjórnin vísar til eftirfarandi ályktunar sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings:

„Aðalfundur Eyþings, haldinn í Reykjadal 23. og 24. september 2005, harnar slakan árangur stjórnvalda varðandi flutning opinberra verkefna og stofnana út á land. Fundurinn vekur sérstaka athygli á litlum árangri í flutningi verkefna á vegum ríkisins til Akureyrar, þrátt fyrir að sérstök áhersla sé á það lögð í byggðaaætlun.“

Í öðru lagi lagði stjórnin til að „Áfram verði unnið í sérstakri byggðaaætlun fyrir Eyjafjörð og að unnið verði úr tillögum vinnuhópa sem unnu skv. byggðaaætlun 2002 – 2005 og þeirri vinnu lokið.“ Vissulega má benda á að Vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðis sem jákvæðan afrakstur þessa verkefnis en eftir stendur að úrvinnslu sérstakrar byggðaaætlunar fyrir Eyjafjörð er ólokið.

Stjórn Eyþings telur því nauðsynlegt að þessi tvö atriði verði meðal þeirra aðgerða sem fram eru sett til að ná markmiðum nýrrar byggðaaætlunar.

Athugasemdir varðandi tiltekna hluta og aðgerðir áætlunarinnar.

Í 4. línu að neðan á bls. 4 stendur: „Iðnaðarráðuneytið og Byggðastofnun kölluðu atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög til fundar um gerð nýrrar byggðaaætlunar þann 18. febrúar 2005.“ Í stað „sveitarfélög“ á væntanlega að standa „landshlutasamtök sveitarfélaga“ þar sem þau voru boðuð til fundarins ásamt atvinnuþróunarfélögum. Hér á eftir verða settar fram athugasemdir eða ábendingar um nokkrar þeirra 23 aðgerða sem upp eru taldar í áætluninni.

1. töluliður, Bættar samgöngur. Stjórnin telur nauðsynlegt að getið sé um mikilvægi innanlandsflugsins með einhverjum hætti. Þannig verði hugað að þróun og framtíð innanlandsflugsins, sem er grunnþáttur almenningsgangna í landinu.

2. töluliður, Efling sveitarstjórnarstigsins. Leggja þarf áherslu á flutning verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og efla með því sveitarstjórnarstigið. Fella þarf út setningu þar sem vísað er í kosningarnar 8. október s.l.

5. töluliður, Söfnun og úrvinnsla tölfraðilegra gagna. Í lista yfir aðra þátttakendur er ekki getið sérstaklega um Byggðarannsóknastofnun. Þar sem sú stofnun er til, hlýtur í þessu samhengi að teljast sjálfsagt hún sé fyrst í upptalningu um aðra þátttakendur. Stjórnin hefur þó efasemdir um að þetta viðfangsefni eigi heima sem byggðaaðgerð. Með því er ekki dregið úr mikilvægi þess að skipulögð verði markviss söfnun og úrvinnsla gagna um byggðaðróun.

13. töluliður, Efling menningarstarfsemi. Að mati stjórnar Eypings er ánægjulegt að sjá þetta atriði inni í áætluninni en Eyping eins og flest önnur landshlutasamtök sveitarfélaga hefur unnið að gerð landshlutasamnings um menningamál. Eyping hóf á vormánuðum 2003 að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið undirbúning að gerð menningarsamnings, en hefur beðið eftir viðræðum við ráðuneytið frá því í september 2004. Í upptalningu um aðra þátttakendur er nauðsynlegt að bæta landshlutasamtökum sveitarfélaga.

15. töluliður, Bætt heilbrigðisþjónusta. Eins og þessi aðgerð er sett fram er hún nátengd tölulið 3, eflingu sveitarstjórnarstigsins, og fellur beint þar undir. Aðalinntakið í þessari aðgerð er flutningur verkefna á heilbrigðisviði frá ríki til sveitarfélaga. Einnig er getið um heilbrigðisnet og fjarlækningar. Rétt er að benda á að Eyping stendur, í samstarfi við FSA og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, fyrir þróunarverkefni í fjarlækningum. Verkefnið er samkvæmt samningi við heilbrigðisráðuneytið.

16. töluliður, Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmennung. Stjórn Eypings hefur efasemdir um að rétt sé að setja þetta verkefni fram sem byggðaaðgerð. Hér er um að ræða samfélagsmál í víðum skilningi. Í umfjöllun er áhersla lögð á stofnun Innflytjendaráðs, en af texta má áætla að það verði með starfsstöð í Reykjavík.

19. töluliður, Stuðningur við atvinnurekstur kvenna. Hér er líkt og í lið 16 um að ræða samfélagsmál í víðum skilningi og því hefur stjórn Eypings efasemdir um að rétt sé að setja þetta verkefni fram sem byggðaaðgerð.


20. töluliður, Styrking menningarframleiðslu (skapandi greinar). Þessi liður er nátengdur 13. tölulið og heppilegt að þeir standi saman í upptalningu. Annars engar athugasemdir.

21. töluliður, Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum. Stjórnin hefur efasemdir um að ástæða sé til að setja þetta verkefni fram sem byggðaaðgerð.

Samantekt.

Afstaða stjórnar Eypings er jákvæð gagnvart megininntaki áætlunarinnar, þ.e. meginmarkmiðum hennar og áherslusviðum. Stjórnin hefur í nokkrum tilvikum athugasemdir varðandi þær aðgerðir sem fram eru settar til að ná markmiðum áætlunarinnar. Helsta gagnrýni stjórnarinnar lýtur að framkvæmd áætlunarinnar, þ.e. skorti á mælikvörðum, skorti á að áætlunin fái lagastöðu og skorti á því að höfuðborgarsvæðið sé skilgreint á byggðakorti sem og skyldur höfuðborgarinnar skilgreindar.

Virðingarfyllst,



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; Kt. 561192-2199; Netfang: eything@eything.is

Akureyri 11. apríl 2005

Iðnaðarráðuneytið
b.t. Sveins Þorgrímssonar
Arnarhváli
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma ábendingum á framfæri varðandi gerð byggðaáætlunar fyrir árin 2006 – 2009. Stjórnin vill koma eftirfarandi áhersluatriðum á framfæri:

1. Lagt verði vandað mat á árangur af núverandi byggðaáætlun 2002 –2005. Árangur verði mældur og metið hvort þau markmið sem fram voru sett hafi náðst. Þau verkefni verði tilgreind sem eru bein afleiðing byggðaáætlunarinnar.
2. Áfram verði haldið við að þróa skilvirk og markviss vinnubrögð. Skilgreina þarf markmið, leiðir og mælikvarða. Þá er mikilvægt að tímasetja verkefni, setja þeim ábyrgðaraðila og helst setja niður „vörður“ til að fylgjast með framvindu þeirra.
3. Tryggja þarf að stjórnkerfið (ráðuneytin) vinni í samræmi við áætlunina. Áætlunin fái lagastöðu sbr. samgönguáætlun. Velta má því fyrir sér hvort áætlunin þurfi að heyra undir forsætisráðuneyti til að ná þeirri stöðu.
4. Byggðaáætlun verði gerð í tveimur tímarrömmum. Annars vegar langtímaáætlun sbr. samgönguáætlun. Hins vegar aðgerðaáætlun t.d. til 4 ára eins og núverandi byggðaáætlun. Sú áætlun verði endurskoðuð t.d. á tveggja ára fresti.
5. Byggðaáætlun þarf að taka til alls landsins, m.ð.o. þarf áætlunin einnig að taka til höfuðborgarsvæðisins. Skilgreina þarf stöðu og hlutverk höfuðborgarinnar gagnvart öðrum hlutum landsins, ekkert síður en stöðu og hlutverk landsbyggðarkjarnanna. Gera þarf t.d. grein fyrir fólksfjölgunaráformum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Skoða þarf hvort skilgreina eigi höfuðborgarsvæðið upp á nýtt.
6. Unnið verði að flutningi/dreifingu opinberra verkefna og/eða stofnana til byggðakjarna á landsbyggðinni.
7. Auka þarf hlut landsbyggðarinnar (auka jafnræði) í framlögum ríkisins til menningarmála.
8. Bæta þarf og tryggja jafnræði – bæði tæknilega og kostnaðarlega – í fjarskiptum og gagnaflutningum í landinu. Þetta er m.a. grunnatriði í eflingu menntunar í landinu öllu.

9. Áfram verði unnið að eflingu sveitarstjórnarstigsins s.s. með flutningi nýrra verkefna og tekjustofna frá ríkinu.
10. Áfram verði unnið í sérstakri byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð og unnið verði úr tillögum vinnuhópa sem unnu skv. byggðaáætlun 2002 – 2005 og þeirri vinnu lokið.
11. Áhersla verði á samgöngubætur til að styrkja samskipti, efla og stækka þjónustu- og atvinnusvæði og styrkja atvinnulíf.
12. Greina þarf og markaðssetja kosti búsetu og fyrirtækjareksturs á einstökum svæðum á landsbyggðinni, þannig að styrkleikar einstakra svæða verði nýttir til uppbyggingar og styrkleiki byggðarinnar í landinu öllu þannig aukinn.

Eins og sést á þessum ábendingum stjórnar Eyþings sem settar eru fram í 12 liðum þá lúta fimm fyrstu liðirnir að gerð og framkvæmd áætlunarinnar en hinir sjö sem eftir fylgja að einstökum áherslum eða verkefnum í áætluninni. Stjórnin væntir þess að sú reynsla sem fengist hefur og þær ábendingar sem koma fram muni nýtast til að vinna enn markvissari byggðaáætlun en gerðar hafa verið til þessa og með enn ákveðnari eftirfylgni við framkvæmd.

Virðingarfyllt,


Pétur Þór Jónsson
Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; Kt. 561192-2199; Netfang: eything@eything.is


Akureyri 5. ágúst 2005

Iðnaðarráðuneytið
b.t. Sveins Þorgrímssonar
Arnarhváli
150 Reykjavík

Á dögnum tók stjórn Eyþings gildandi byggðaáætlun til umfjöllunar að ósk Bygðastofnunar. Í því samhengi komu ábendingar vegna byggðaáætlunar 2006 – 2009 á ný til umræðu, en þær voru sendar iðnaðarráðuneytinu með bréfi dags. 11. apríl s.l. Einkum spannst umræðan um menntun á landsbyggðinni. Í ljósi umræðunnar taldi stjórnin rétt að koma á framfæri tveimur viðbótarábendingum:

1. Markvisst verði áfram unnið að því að efla menntunarstig á landsbyggðinni, bæði með fjarkennslu og eftir öðrum leiðum. Ástæða er til í þessu sambandi að horfa til enn frekari eflingar Háskólans á Akureyri, en skólinn hefur verið í fararbroddi með fjarkennslu á háskólastigi og verið leiðandi í því að hækka menntunarstig á landsbyggðinni.
2. Áfram verði unnið að því að nýta alþjóðlegt (erlent) samstarf í byggðamálum og þá einkum horft til Evrópusamstarfs og Norðurlandasamstarfs. Skoðaðir verið m.a. möguleikar sveitarfélaga eða landshluta í samstarfsverkefnum. Mikilvægt er að Ísland taki þátt í Evrópuverkefnum um gerð byggðakorts og um skilgreiningu svæða, t.d. skilgreiningu höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.

Virðingarfyllst,


Pjetur Þór Jónsson
framkvjstjóri

EYÞING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum -

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; Kt. 561192-2199; Netfang: eything@eything.is

Akureyri 5. ágúst 2005

Byggðastofnun
Próunarsvið
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur

Stjórn Eyþings sér sér ekki fært að ráðast í mat á því hvernig til hefur tekist við að ná þeim markmiðum sem sett voru í byggðaáætlun 2002 – 2005. Mat á því krefst umtalsverðrar vinnu.

Í bréfi stjórnar Eyþings, dags. 11. apríl 2005, til iðnaðarráðuneytisins vegna gerðar byggðaáætlunar 2006 –2009 kom m.a. fram ábending um það að áfram verði haldið við að þróa skilvirk og markviss vinnubrögð. Skilgreina þurfi markmið, leiðir og mælikvarða. Einnig að mikilvægt sé að tímasetja verkefni, setja þeim ábyrgðaraðila og helst setja niður „vörður“ til að fylgjast með framvindu þeirra. Þó að veruleg framför hafi orðið í byggðaáætlun 2002 –2005 frá fyrri áætlun skortir enn á varðandi þessa þætti, s.s. að skilgreindir séu mælikvarðar fyrir þau markmið sem fram voru sett. Slíkt er nauðsynlegt til mats á árangri.

Skýrsla iðnaðarráðherra um framvindu byggðaáætlunar 2002 – 2005, sem lögð var fyrir Alþingi s.l. haust, ber það með sér að mælikvarðar skortir og að skortir á að markmið séu nægilega skýr. Þannig virðist í skýrslunni hafa verið farið yfir allar fjárveitingar og aðgerðir ríkisins á landsbyggðinni og reynt að heimfæra þær á einhver markmið áætlunarinnar. Með öðrum orðum að leitað hafi verið að verkefnum og framkvæmdum sem gætu fallið að byggðaáætlun. Eðlilegt er að spyrja sig hvort þau verkefni eru í öllum tilvikum bein afleiðing byggðaáætlunar. Hafa verður í huga að áætlunartímabilinu lýkur ekki fyrr en nú í árslok 2005.

Þrátt fyrir þá annmarka sem getið hefur verið um telur stjórn Eyþings að á ýmsum sviðum hafi vel miðað og á öðrum slaklega. Í byggðaáætluninni voru settar fram tillögur um aðgerðir í 22 liðum til að ná fram fimm meginmarkmiðum áætlunarinnar og sem féllu að þeim 12 stefnumarkandi áherslusviðum sem sett voru fram. Hér verður aðeins vikið að nokkrum áhersluatriðum byggðaáætlunar og sem Eyþing hefur jafnframt lagt áherslu á í sínum störfum.

Efling sveitarstjórnarstigsins.

Eitt af meginmarkmiðum byggðaáætlunar er að stækka og efla sveitarfélögin. Ráðist var í sérstakt átak í því skini sem enn stendur yfir og sem ber að fagna. Óneitanlega hefur það valdið vonbrigðum hve mikillar tregðu hefur gætt hjá fulltrúum ríkisins við að færa verkefni og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og það þrátt fyrir þetta markmið byggðaáætlunar.

Mikilvægi menningarstarfs.

Í byggðaáætluninni er sérstök áhersla á mikilvægi menningar. Í samráði við menntamálaráðuneytið var árið 2003 hafinn undirbúningur að gerð menningarsamnings fyrir Norðurland eystra. Til grundvallar var lagður menningarsamningur fyrir Austurland sem þykir hafa gefist afar vel. Ráðist var í stefnumótunarvinnu og unnin drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á svæðinu og að samningi ríkis og sveitarfélaga, sem samþykktir voru samhljóða á aðalfundi Eyþings í september 2004. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur enn ekki tekist að fá með menntamálaráðuneytinu um samninginn. Þetta vekur furðu þar sem ætla verður að menningarsamningurinn falli beint að markmiðum byggðaáætlunar. Þá má geta þess að tveir forverar núverandi menntamálaráðherra voru talsmenn landshlutabundinnar menningarsamninga. Að mati stjórnar Eyþings er hér glöggd dæmi um þörfina á að tryggja að öll stjórnsýslan gangi í takt við gildandi byggðaáætlun.

Byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð og efling opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni.

Hér er litið á þessar tvær aðgerðir í samhengi. Eitt af tólf áherslusviðum byggðaáætlunar er að efla Akureyri sem byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland og ein af 22 aðgerðum til að ná markmiðum byggðaáætlunar er gerð sérstakrar byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð. Stjórn Eyþings lýsir ánægju með það starf sem hefur verið unnið og gerð vaxtarsamnings fyrir Eyjafjörð.

Í tengslum við byggðaáætlun fyrir Eyjafjörð kemur fram að unnið verði að flutningi starfa og verkefna í opinberri þjónustu til svæðisins. Þá er í byggðaáætlun 2002 – 2005 tilgreind sem sér aðgerð að efla opinber verkefni og þjónustu á landsbyggðinni. Þrátt fyrir að finna megi jákvæð dæmi, s.s. útibú Orkustofnunar og Impru – nýsköpunarmiðstöð, þá er árangur stjórnvalda afar lélegur, ekki síst ef horft er til þessarar sérstöku áherslu á Eyjafjarðarsvæðið. Þannig hafa tækifæri sem upp hafa komið ekki verið nýtt og stjórnvöld beinlínis unnið í andstöðu við byggðaáætlun. Dæmi um það er stofnun Lýðheilsustöðvar sem sett var niður í Reykjavík. Ötullega var unnið að því á vegum Eyþings og fleiri heimamanna að hún yrði staðsett í tengslum við Háskólann á Akureyri. Þó hlutur Akureyrar sé rýr m.v. markmið byggðaáætlunar má þó finna jákvæð dæmi um staðsetningu opinberra stofnana utan höfuðborgarinnar. Ákveðið er að staðsetja Landbúnaðarstofnun á Selfossi í jaðri höfuðborgarsvæðisins. Einnig má nefna stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri með sameiningu nokkurra rannsóknar- og menntastofnana í landbúnaði. Hliðstæð dæmi er ekki að finna á Akureyri þrátt fyrir markmið byggðaáætlunar og þau hagstæðu skilyrði sem eru þar til staðar til að taka við opinberum verkefnum.

Jöfnun verðs á gagnaflutningi og efling náms með fjarskipta- og upplýsingatækni.

Eyþing hefur á undanförunum árum lagt áherslu á jöfnun verðs á gagnaflutningum og eflingu fjarnáms. Ástæða er til að fagna því að fjarnámsmöguleikar hafa aukist verulega, ekki síst í gegn um fræðslumiðstöðvar í landinu. Þá er lofsvert framtak Háskólans á Akureyri í að byggja upp fjarnám á háskólastigi en skólinn hefur verið í fararbroddi á því sviði. Stjórn Eyþings væntir þess að áfram verði unnið í nýrri byggðaáætlun að því að hækka menntunarstig á landsbyggðinni, m.a. með fjarnámi. Tryggja verður að ein gjaldskrá gildi fyrir alla gagnaflutninga í landinu.


Aðrar aðgerðir stjórnvalda.

Í kaflanum „Aðrar aðgerðir stjórnvalda“ í skýrslu iðnaðarráðherra er að finnar upptalningu á fjölmörgum verkefnum sem falla að meginmarkmiðum byggðaáætlunar og hafa skilað jákvæðum árangri. Sem dæmi má taka Varasjóð húsnæðismála,

landshlutabundin skógræktarverkefni, framlag ríkisins til fráveitumála og útibú Orkustofnunar á Akureyri.

Að lokum skal vísað til bréfs Eypings, dags. 11. apríl s.l., með ábendingum varðandi byggðaaætlun 2006 – 2009 og viðbótarábendingar í bréfi dags. 5. ágúst. (sjá fylgiskjöl). Líta má einnig á þau áhersluatriði sem umsögn um þá byggðaaætlun sem fer að ljúka.

Virðingarfyllst,



Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri